

Nr. 17. iðgjaldinu að því frádregnu, sem áður var talið. Þó skal þessa krafist áður en hin váttrygðu
2.
nóvbr. verðmæti eru lögð í hættu.

38. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1915.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 2. nóvember 1914.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sig. Eggerz.

Nr. 18.
2.
nóvbr.

L ö g

um viðauka við lög um skipströnd 14. janúar 1876.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Þá er strandað skip hefir legið á strandstaðnum eitt ár, frá því er strandið varð og eigi verið selt við opinbert uppboð, samkvæmt strandlögnum, sökum ákvörðunar eiganda um að annast björgunina sjálfur, getur lögreglustjóri látið selja flakið og annað, það er skipinu fylgir og finst á strandstaðnum, við opinbert uppboð, ef óráðlegt þykir, af ástæðum er almenning varða, að láta það liggja lengur óselt, sbr. þó 4. gr.

2. gr.

Uppboð, er haldin verða samkvæmt 1. gr., skal lögreglustjóri jafnan tilkynna þeim, er lýst hafa eignarrjetti að skipinu, og öðrum, er þar hafa hagsmuna að gæta, ef kunnugt er um heimilisfang þeirra. Að öðrum kosti skal ræðismanni eða öðrum hjerlendum umboðsmanni þess lands, þar sem skipið átti heima, svo og hjerlendum umboðsmanni ábyrgðarsala, gjört aðvart um uppboðið. Andvirði hins selda, að frádregnum uppboðskostnaði og öðrum kostnaði, greiðist þeim, er sannar eignarrjett sinn samkvæmt ákvæðum 23.—24. gr. strandlaganna.

3. gr.

Í söluskilmálum við uppboð samkvæmt 1. gr., sem og við uppboð á strönduðu skipi samkvæmt strandlögnum, skal það ákvæði sett, að skipsleifar, sem eigi eru fluttar

burt úr fjörinni, þá er 2 ár eru liðin frá því er skipið strandaði, teljist óskilafje og verði Nr. 18.
eign fjörueiganda. 2.
nóvbr.

4. gr.

Nú hefir eigandi eða ábyrgðarsalar strandaðs skips hafið björgun áður en ár sje liðið frá því er strandið varð og gefið lögreglustjóra til kynna, að björguninni verði haldið áfram að árinu liðnu, og skal þá eigi haldið uppboð samkvæmt 1. gr., heldur er hlutaðeigendum heimilt að halda björguninni áfram um alt að tveggja ára tíma frá því er strandið varð, en þá verður flakið eign fjörueiganda samkvæmt 3. gr. En sýni eigandi eða ábyrgðarsalar stjórnarráðinu fram á, að örðugleikum hafi verið bundið að ljúka björguninni á tveim árum og lýsi því jafnframt yfir, að þeir vilji halda björguninni áfram, skal þeim þó veittur nægur frestur til þess. Þegar eins stendur á, getur uppboðskaupandi samkvæmt 3. gr. fengið samþykki stjórnarráðsins til nauðsynlegrar framlengingar á björgunarfresti, þeim sem þar er áskilinn.

5. gr.

Nú sekkur skip þar sem af því getur stafað hættu eða verulegur farartálmi fyrir siglingar og sjósókn, og getur stjórnarráðið þá látið auðkenna staðinn; jafnframt skal það spyrja þann, er tilkall á til flaksins, hvort björgunartilraunir verði gjörðar, og gjöra honum um leið aðvart um, innan hvers tíma flakið skuli gjört óskaðvænt.

Hafi stjórnarráðið eigi getað fengið vitneskju um, hver tilkall á til flaksins, eða ef hann vill eigi gjöra það óskaðvænt samkvæmt fyrirsögn stjórnarráðsins, getur það sjálf látið gjöra flakið óskaðvænt. Einnig getur stjórnarráðið látið gjöra flak óskaðvænt þegar eftir strandið eða skipbrotið, ef slík ráðstöfun verður að teljast óhjákvæmileg nauðsyn sökum þeirrar hættu, er stafar af flakinu.

6. gr.

Til tryggingar fyrir útgjöldum við yfirvaldaráðstafanir samkvæmt 5. gr. er skipið og það, sem því fylgir, og enda farmurinn, ef hann er þess eðlis, að af honum stafi hættu eða verulegt óhagræði fyrir siglingar og sjósókn. Stjórnarráðið getur því látið gjöra kyrsetning á þessum munum og skal gjörðinni haldið til dóms við sjódóm strandstaðarins. Hafi stjórnarráðið látið gjöra flak óskaðvænt og sje nokkru bjargað af skipi eða skipsgögnum má selja það við opinbert uppboð, og taka kostnaðinn af andvirðinu án undan-genginnar kyrsetningargjörðar.

7. gr.

Fyrirmæli þessara laga haggja þó eigi reglum þeim um skipsflök á höfnum inni, sem settar eru eða settar kunna að verða í löggiltum reglugerðum kaupstaða eða kauptúna.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíbörg, 2. nóvember 1914.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sig. Eggerz.